Nr. 1176 11. desember 2013

# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og samkvæmt 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu heilbrigðiseftirlitsins skv. ofannefndum lögum.

2. gr.

Tímagjald kr. 9.900

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni í eftirlitsáætlun skv. útlögðum kostnaði.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka sem auglýstur er sérstaklega með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið og draga úr eftirliti.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld og draga úr eftirliti samkvæmt þessari grein.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvern fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda eftirlitsferð samnýtt.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | 2 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun s.s. tóbaksöluleyfi: | |
| Starfsleyfisgjald | 2 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Fyrir húsnæðis- og skipaskoðun: | 4 tímagjöld |

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið.

Eftirfylgniferðir og úttektir umfram það sem innifalið er í eftirlitsgjaldi greiðast skv. tímagjaldi viðkomandi fyrirtækjaflokks.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sama á við um önnur gjöld skv. gjaldskránni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og samkvæmt 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 980/2012 og auglýsing nr. 245/2013 um breytingu á gjaldskrá nr. 980/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 11. desember 2013.*

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

**Elsa Ingjaldsdóttir** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 01.12.1.0 | Svepparækt | 1 | 51.975 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 37.125 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 74.250 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt < 40.000 stæði | 1 | 37.125 |
| 01.24.0.2 | Alifuglarækt > 40.000 stæði | 2 | 74.250 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 1 | 37.125 |
| 01.25.9.0 | Kanínurækt | 1 | 37.125 |
| 01.41.1.0 | Þjónusta við jarðyrkju og garðyrkju | 0,5 | 18.563 |
| 01.41.1.1 | Garðaúðun | 0,5 | 23.513 |
| 01.42.0.1 | Hundahótel | 0,5 | 16.088 |
| 01.42.0.2 | Kattahótel | 0,5 | 16.088 |
| 01.42.0.3 | Dýragæsla | 0,25 | 14.231 |
| 01.42.0.4 | Dýrasnyrtistofur | 0,5 | 18.563 |
| 01.42.0.5 | Dýrasýningar | 0,5 | 28.463 |
| 02.01.0.1 | Sögunarmyllur | 0,25 | 5.569 |
| 05.02.1.1 | Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 1 | 47.025 |
| 05.02.1.2 | Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 0,5 | 16.088 |
| 05.02.1.3 | Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi | 0,25 | 8.044 |
| 05.02.2.0 | Land- og kvíaeldi, matfiskur | 1 | 37.125 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám | 0,5 | 18.563 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 0,25 | 9.281 |
| 14.30.0.0 | Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 0,25 | 9.281 |
| 14.40.0.0 | Saltvinnsla | 1 | 39.600 |
| 14.50.0.0 | Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 0,5 | 21.038 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús < 50 t/dag | 1 | 56.925 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús > 50 t/dag | 2 | 113.850 |
| 15.12.0.0 | Alifuglasláturhús | 1 | 66.825 |
| 15.12.1.0 | Dreifingarstöð fyrir alifugla | 1 | 47.025 |
| 15.13.0.0 | Reykhús/reykofn | 0,5 | 18.563 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 37.620 |
| 15.13.0.2 | Kjötvinnsla, miðlungs | 1 | 47.520 |
| 15.13.0.3 | Kjötvinnsla, stór | 1 | 62.370 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 42.570 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 1 | 57.420 |
| 15.13.0.6 | Kjötvinnsla með reykingu, stór | 1 | 72.270 |
| 15.13.0.7 | Kjötpökkunarstöð | 1 | 47.025 |
| 15.20.2.0 | Saltfiskverkun | 1 | 29.700 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | 37.125 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 1 | 32.175 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 1 | 37.125 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 1 | 37.125 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 1 | 61.875 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 2 | 94.050 |
| 15.20.7.2 | Fiskmjölsvinnsla | 3 | 155.925 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 1 | 37.125 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 1 | 51.975 |
| 15.20.8.2 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 2 | 123.750 |
| 15.20.9.0 | Önnur ótalin fiskvinnsla | 1 | 37.125 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á kartöflum og grænmeti | 0,5 | 23.513 |
| 15.31.0.1 | Kartöfluvinnsla < 1 tonn á dag | 1 | 42.075 |
| 15.31.0.2 | Kartöfluvinnsla > 1 tonn á dag | 1 | 61.875 |
| 15.31.0.3 | Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 1 | 42.075 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 47.025 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 1 | 47.025 |
| 15.33.0.3 | Lauksteikingarverksmiðjur | 1 | 42.075 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 1 | 42.075 |
| 15.41.0.2 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 2 | 133.650 |
| 15.42.0.0 | Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 1 | 47.025 |
| 15.42.0.1 | Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 1 | 51.975 |
| 15.42.0.2 | Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 1 | 37.125 |
| 15.42.0.3 | Kaldhreinsun lýsis | 1 | 42.075 |
| 15.43.0.0 | Smjörlíkisgerð | 1 | 47.025 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 1 | 47.025 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 1 | 47.025 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 1 | 37.125 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 2 | 103.950 |
| 15.61.0.1 | Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag | 0,5 | 18.563 |
| 15.61.0.2 | Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 1 | 37.125 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 0,5 | 18.563 |
| 15.71.2.0 | Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 0,5 | 18.563 |
| 15.81.0.1 | Brauðverksmiðjur | 3 | 215.325 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 37.125 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 1 | 56.925 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 133.650 |
| 15.82.0.1 | Kexverksmiðjur | 2 | 123.750 |
| 15.82.0.2 | Kökugerð, lítil | 1 | 34.650 |
| 15.82.0.3 | Kökugerð, miðlungs | 1 | 42.075 |
| 15.82.0.4 | Kökugerð, stór | 1 | 56.925 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 66.825 |
| 15.85.0.1 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 32.175 |
| 15.86.0.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 1 | 32.175 |
| 15.86.0.1 | Áhættu- og umfangslítil matvælaframleiðsla | 1 | 32.175 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 0,5 | 18.563 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 1 | 66.825 |
| 15.88.0.0 | Framleiðsla mjólkurdufts | 1 | 76.725 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | 76.725 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 76.725 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil | 1 | 56.925 |
| 15.98.0.2 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 1 | 76.725 |
| 15.98.0.3 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 2 | 188.100 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöðvar | 1 | 96.525 |
| 17.10.0.2 | Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 0,25 | 6.806 |
| 17.30.0.1 | Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 1 | 37.125 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla | 0,25 | 6.188 |
| 20.10.0.1 | Fúavörn á viði | 0,25 | 9.281 |
| 20.20.0.0 | Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.þ.h. | 1 | 76.725 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 18.563 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 18.563 |
| 21.21.0.1 | Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,25 | 6.188 |
| 21.22.0.0 | Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 0,25 | 8.044 |
| 22.21.0.0 | Prentun dagblaða | 1 | 81.675 |
| 22.22.1.0 | Offsett- og hæðarprentun | 1 | 47.025 |
| 22.22.2.0 | Sáldprentun | 1 | 42.075 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,5 | 18.563 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 28.463 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 76.725 |
| 22.22.9.4 | Prentiðnaður með framköllun | 0,5 | 25.988 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 22.24.0.0 | Prentsmíði | 0,5 | 23.513 |
| 24.11.0.0 | Framleiðsla á iðnaðargasi | 1 | 37.125 |
| 24.15.0.0 | Áburður, tilbúinn, framleiðsla | 0,5 | 18.563 |
| 24.30.0.1 | Málningarverksmiðjur | 1 | 128.700 |
| 24.42.0.0 | Lyfjagerð | 0,25 | 19.181 |
| 24.51.0.1 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 0,5 | 38.363 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla | 0,5 | 28.463 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,5 | 18.563 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 1 | 51.975 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 18.563 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 0,5 | 28.463 |
| 26.11.0.0 | Framleiðsla á glerplötum | 0,25 | 9.281 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 8.044 |
| 26.13.0.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,25 | 8.044 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 0,5 | 16.088 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 32.175 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,5 | 23.513 |
| 26.70.0.0 | Steinsmíði | 0,25 | 8.044 |
| 26.82.9.0 | Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest | 0,5 | 18.563 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 56.925 |
| 27.50.0.1 | Málmsteypa < 20 tonn á dag | 2 | 113.850 |
| 28.51.0.0 | Meðferð og húðun málma | 0,5 | 23.513 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 18.563 |
| 28.73.0.1 | Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur | 0,25 | 8.044 |
| 28.74.0.1 | Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði | 0,5 | 16.088 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 21.038 |
| 29.23.0.1 | Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | 23.513 |
| 31.40.0.1 | Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði | 0,25 | 9.281 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | 18.563 |
| 35.11.0.1 | Stálsmíði og stálskipagerð | 1 | 61.875 |
| 35.11.0.2 | Viðhald og niðurrif skipa | 1 | 66.825 |
| 36.12.0.1 | Húsgagnaiðnaður með lökkun | 0,5 | 18.563 |
| 37.20.0.1 | Endurvinnsla úrgangs | 0,5 | 23.513 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 37.125 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,5 | 18.563 |
| 40.10.0.2 | Spennaviðgerðir | 1 | 47.025 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir og orkuveitur < 10 MW | 0,25 | 9.281 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir og orkuveitur 10-50 MW | 0,5 | 18.563 |
| 40.10.0.5 | Virkjanir og orkuveitur > 50 MW | 1 | 56.925 |
| 40.10.0.6 | Virkjanir og orkuveitur > 50 MW, með verkstæðis- og starfsmannaaðstöðu | 2 | 173.250 |
| 40.30.0.1 | Hitaveitur < 10 MW | 0,25 | 9.281 |
| 40.30.0.2 | Hitaveitur 10-50 MW | 0,5 | 18.563 |
| 40.30.0.3 | Hitaveitur > 50 MW | 1 | 37.125 |
| 41.00.0.1 | Vatnsveitur 50.001 - 100.000 íbúa | 34 | 1.935.450 |
| 41.00.0.2 | Vatnsveitur 10.001 - 50.000 íbúa | 12 | 683.100 |
| 41.00.0.3 | Vatnsveitur 5.001 - 10.000 íbúa | 7 | 398.475 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 1.001 - 5.000 íbúa | 4 | 188.100 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 501 - 1.000 íbúa | 4 | 148.500 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 150 - 500 íbúa | 1 | 37.125 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur < 150 íbúa | 0,5 | 18.563 |
| 41.00.0.8 | Einkavatnsból | 0,5 | 16.088 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði lítil | 0,5 | 18.563 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 6.188 |
| 50.20.0.11 | Ryðvarnarverkstæði | 0,5 | 39.600 |
| 50.20.0.12 | Smurstöðvar | 0,5 | 23.513 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 50.20.0.13 | Viðgerðaaðstaða eigin véla | 0,5 | 18.563 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 0,5 | 25.988 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 0,5 | 28.463 |
| 50.20.0.4 | Bifreiða- og vélaverkstæði, með sprautun, lítið | 0,5 | 18.563 |
| 50.20.0.5 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 0,5 | 28.463 |
| 50.20.0.6 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 0,5 | 33.413 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 18.563 |
| 50.20.0.8 | Bifreiðaréttingar | 0,5 | 18.563 |
| 50.20.0.9 | Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 0,5 | 25.988 |
| 50.30.0.1 | Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 0,5 | 28.463 |
| 50.30.0.2 | Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru | 0,5 | 45.788 |
| 50.30.0.3 | Bílapartasölur | 0,5 | 23.513 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 1 | 42.075 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar án matvæla | 1 | 51.975 |
| 50.50.0.2 | Bensínstöðvar með matvöru | 1 | 81.675 |
| 50.50.0.3 | Bensínstöðvar með veitingasölu | 1 | 111.375 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 1 | 42.075 |
| 51.31.0.2 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 1 | 51.975 |
| 51.31.0.3 | Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 1 | 66.825 |
| 51.36.0.0 | Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 1 | 51.975 |
| 51.39.0.1 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 1 | 37.125 |
| 51.39.0.2 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 1 | 51.975 |
| 51.39.0.3 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 1 | 66.825 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 1 | 116.325 |
| 51.45.0.0 | Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 1 | 116.325 |
| 51.45.0.1 | Heildverslun með snyrtivöru | 1 | 116.325 |
| 51.55.0.1 | Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 0,5 | 33.413 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 0,5 | 23.513 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 2 | 188.100 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | 23.513 |
| 52.11.1.1 | Stórmarkaðir > 400 m², með matvælavinnslu | 4 | 346.500 |
| 52.11.1.2 | Stórmarkaðir > 400 m², án matvælavinnslu | 2 | 153.450 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1 | 42.075 |
| 52.11.2.2 | Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 1 | 61.875 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 143.550 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 42.075 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 2 | 113.850 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 1 | 32.175 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 1 | 32.175 |
| 52.11.3.3 | Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 1 | 37.125 |
| 52.11.3.4 | Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 1 | 47.025 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 1 | 37.125 |
| 52.23.0.2 | Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 52.23.0.3 | Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 1 | 51.975 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 32.175 |
| 52.23.0.5 | Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 1 | 39.600 |
| 52.23.0.6 | Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 1 | 47.025 |
| 52.24.0.0 | Smásala á innpökkuðum matvælum | 0,5 | 18.563 |
| 52.24.0.1 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 1 | 34.650 |
| 52.24.0.2 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 1 | 37.125 |
| 52.24.0.3 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 1 | 56.925 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 18.563 |
| 52.27.0.0 | Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 1 | 51.975 |
| 52.31.0.0 | Apótek | 0,5 | 25.988 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 52.33.0.1 | Snyrtivöruverslun | 0,25 | 9.281 |
| 52.46.1.1 | Byggingavöruverslanir, stórar | 1 | 116.325 |
| 52.46.1.2 | Byggingavöruverslanir, litlar | 0,5 | 38.363 |
| 52.46.1.3 | Járnvöruverslanir | 0,5 | 38.363 |
| 52.46.2.0 | Málningar- og veggfóðurverslun | 0,5 | 38.363 |
| 52.46.2.1 | Málningarvöruverslanir | 0,5 | 33.413 |
| 52.49.1.0 | Gæludýraverslun | 0,25 | 8.044 |
| 52.49.9.1 | Véla- og tækjasölur | 0,5 | 38.363 |
| 52.49.9.2 | Varahlutaverslanir, ekki bíla | 0,5 | 38.363 |
| 52.49.9.3 | Smásala efna í flokkum X, A og B | 0,5 | 38.363 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna | 1 | 96.525 |
| 52.50.0.0 | Smásala með notaða muni í verslunum | 0,5 | 38.363 |
| 52.62.0.0 | Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið | 1 | 37.125 |
| 55.11.0.1 | Hótel með veitingasölu, lítið 17 - 49 gestir | 1 | 66.825 |
| 55.11.0.2 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, miðlungs 50 - 100 gestir | 2 | 133.650 |
| 55.11.0.3 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, stórt +100 gestir | 2 | 153.450 |
| 55.12.0.1 | Gistiheimili án veitinga, lítið (heima/bændagisting)allt að 16 gestir | 0,5 | 18.563 |
| 55.12.0.2 | Gistiheimili/bændagisting án veitingasölu, miðlungs 17 - 49 gestir | 1 | 47.025 |
| 55.12.0.3 | Gistiheimili/bændagisting án veitingasölu, stórt, 50+ gestir | 1 | 56.925 |
| 55.12.0.4 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,25 | 9.281 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 47.025 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir 17 - 50 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 51.975 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabúðir 51 - 100 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 56.925 |
| 55.14.0.4 | Starfsmannabúðir 101 - 500 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 71.775 |
| 55.14.0.5 | Starfsmannabúðir 501 - 1.000 manns, tímabundin starfsemi | 1 | 81.675 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar og farfuglaheimili heilsársnotkun | 0,5 | 34.650 |
| 55.21.0.2 | Fjallaskálar og farfuglaheimili, sumarnotkun | 0,25 | 17.325 |
| 55.22.0.1 | Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið < 10 | 0,25 | 12.994 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs 10 - 20 | 0,5 | 18.563 |
| 55.22.0.3 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt 20+ | 1 | 37.125 |
| 55.22.0.4 | Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhúsi m/veitingum | 1 | 66.825 |
| 55.23.0.1 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 1 | 47.025 |
| 55.23.0.2 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 0,5 | 18.563 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir < 49 gestir | 1 | 42.075 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs, 50 - 100 sæti | 1 | 56.925 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir, > 100 sæti | 1 | 66.825 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir, < 49 sæti | 1 | 37.125 |
| 55.30.1.5 | Skyndibitastaðir, miðlungs 50 - 100 sæti | 1 | 61.875 |
| 55.30.1.6 | Skyndibitastaðir, stórir 100+ sæti | 1 | 76.725 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagnar | 1 | 37.125 |
| 55.30.1.8 | Brauðstofur | 1 | 47.025 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 71.775 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 0,5 | 23.513 |
| 55.40.0.0 | Kaffihús, smurt brauð | 1 | 37.125 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 71.775 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús án matsölu | 1 | 37.125 |
| 55.40.0.3 | Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,25 | 9.281 |
| 55.40.0.4 | Samkomusalir með móttökueldhúsi | 0,5 | 25.988 |
| 55.40.0.5 | Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 1 | 71.775 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 37.125 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 1 | 42.075 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 1 | 66.825 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 0,5 | 23.513 |
| 55.51.0.5 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 1 | 37.125 |
| 55.51.0.6 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 1 | 51.975 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 37.125 |
| 55.52.0.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 55.52.0.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 2 | 113.850 |
| 60.21.0.1 | Bið- og endastöðvar áætlunarbifreiða | 0,25 | 5.569 |
| 60.22.0.1 | Biðstöðvar leigubifreiða | 0,25 | 5.569 |
| 60.24.3.0 | Akstur flutningabíla | 1 | 37.125 |
| 61.10.0.0 | Samgöngur á sjó | 1 | 37.125 |
| 63.12.0.1 | Vörugeymslur, litlar - vöruflutningar | 0,5 | 21.038 |
| 63.12.0.2 | Vörugeymslur, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 63.12.0.3 | Vörugeymslur, stórar | 1 | 51.975 |
| 63.12.0.4 | Fyrirtæki sem geyma klórgas | 0,25 | 8.044 |
| 63.12.0.5 | Kæli- og frystigeymslur, fiskmarkaðir og klakagerð | 0,5 | 18.563 |
| 63.12.0.6 | Gasbirgðastöðvar með > 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 1 | 47.025 |
| 63.12.0.7 | Gasbirgðastöðvar með < 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 0,5 | 18.563 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 0,5 | 18.563 |
| 63.22.0.0 | Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 1 | 81.675 |
| 63.23.0.1 | Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | 33.413 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | 8.044 |
| 74.70.0.0 | Meindýravarnir | 0,5 | 23.513 |
| 74.81.0.2 | Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 0,5 | 21.038 |
| 74.81.0.3 | Ljósmyndastofur með framköllun | 0,5 | 21.038 |
| 75.23.0.1 | Fangelsi, lítið | 1 | 47.025 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi, miðlungs | 1 | 56.925 |
| 75.23.0.3 | Fangelsi, stórt | 2 | 193.050 |
| 75.25.0.1 | Æfingasvæði slökkviliðs | 0,25 | 8.044 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar án mötuneytis | 0,5 | 23.513 |
| 80.10.0.2 | Grunnskólar með móttökueldhúsi | 1 | 56.925 |
| 80.10.0.3 | Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 66.825 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis | 0,5 | 28.463 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 1 | 66.825 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 1 | 76.725 |
| 80.22.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis | 0,5 | 28.463 |
| 80.22.0.2 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 1 | 66.825 |
| 80.22.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 1 | 76.725 |
| 80.22.0.4 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu | 1 | 86.625 |
| 80.30.0.1 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 0,5 | 28.463 |
| 80.30.0.2 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 1 | 66.825 |
| 80.30.0.3 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 76.725 |
| 80.41.0.0 | Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 0,25 | 9.281 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,5 | 18.563 |
| 80.42.9.0 | Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 0,25 | 9.281 |
| 85.11.1.1 | Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis | 0,5 | 28.463 |
| 85.11.1.2 | Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | 76.725 |
| 85.11.1.3 | Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 106.425 |
| 85.11.2.0 | Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 0,5 | 28.463 |
| 85.11.3.0 | Endurhæfing | 0,5 | 18.563 |
| 85.11.3.4 | Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt | 2 | 193.050 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis | 0,5 | 23.513 |
| 85.11.4.2 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | 66.825 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 86.625 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,5 | 23.513 |
| 85.11.5.0 | Áfengismeðferð | 0,5 | 23.513 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 0,5 | 28.463 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur | 0,25 | 9.281 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 85.12.2.2 | Læknahús með aðgerðarstofum | 0,5 | 18.563 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 18.563 |
| 85.13.2.0 | Tannsmíðar | 0,5 | 18.563 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 18.563 |
| 85.14.3.0 | Rannsóknarstofur í læknisfræði | 0,5 | 18.563 |
| 85.14.3.1 | Röntgenstofur | 0,5 | 18.563 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | 18.563 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktor | 0,25 | 8.044 |
| 85.14.9.3 | Yogastofur, heilun o.fl. | 0,25 | 8.044 |
| 85.14.9.4 | Húðflúrstofur | 1 | 42.075 |
| 85.14.9.5 | Húðgötun | 1 | 42.075 |
| 85.20.0.1 | Dýralæknastofur án röntgen | 0,25 | 9.281 |
| 85.20.0.2 | Dýralæknastofur með röntgen | 0,5 | 18.563 |
| 85.20.0.3 | Dýraspítalar | 0,5 | 28.463 |
| 85.31.1.0 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | 18.563 |
| 85.31.1.2 | Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 1 | 47.025 |
| 85.31.3.0 | Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús | 0,5 | 23.513 |
| 85.31.3.1 | Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 1 | 66.825 |
| 85.31.4.0 | Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 18.563 |
| 85.31.4.2 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 1 | 32.175 |
| 85.31.4.3 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 85.31.5.2 | Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs | 1 | 47.025 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 9.281 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi | 1 | 47.025 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 61.875 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir og opin leiksvæði | 0,5 | 23.513 |
| 85.32.3.2 | Skóladagheimili, fullbúið eldhús | 1 | 42.075 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,5 | 21.038 |
| 85.32.6.1 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 1 | 47.025 |
| 85.32.6.2 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 1 | 66.825 |
| 90.00.0.1 | Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe | 2 | 133.650 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe | 1 | 66.825 |
| 90.00.0.3 | Aðrar skólphreinsistöðvar | 0,5 | 23.513 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð | 0,5 | 23.513 |
| 90.00.0.5 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | 28.463 |
| 90.00.0.6 | Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarúrgangi | 0,5 | 28.463 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 56.925 |
| 90.00.0.8 | Sorpförgun, flokkun og vinnsla | 1 | 86.625 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana | 0,5 | 18.563 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 8.044 |
| 91.31.1.2 | Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi | 0,5 | 21.038 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 0,5 | 25.988 |
| 92.31.0.1 | Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,5 | 18.563 |
| 92.31.0.2 | Leikhús með móttökueldhúsi | 0,5 | 23.513 |
| 92.31.0.3 | Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 1 | 66.825 |
| 92.34.0.1 | Dansskólar | 0,25 | 9.281 |
| 92.34.0.2 | Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi | 1 | 37.125 |
| 92.53.0.1 | Dýragarðar | 0,5 | 28.463 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 47.025 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 2 | 113.850 |
| 92.61.0.3 | Sundstaðir, stórir | 4 | 227.700 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 0,5 | 18.563 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | 23.513 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 47.025 |
| 92.61.0.7 | Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð | 2 | 133.650 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits/ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 92.61.0.8 | Íþróttavellir | 0,25 | 8.044 |
| 92.61.0.9 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 0,5 | 34.650 |
| 92.62.0.1 | Hestahald, hestaleigur og reiðskólar | 0,25 | 9.281 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 9.281 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 28.463 |
| 93.01.0.1 | Þvottahús | 0,5 | 23.513 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 28.463 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 18.563 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslu- og rakarastofur | 0,5 | 18.563 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 18.563 |
| 93.02.0.3 | Baðhús | 0,5 | 18.563 |
| 93.03.0.1 | Líkbrennslur | 0,25 | 9.281 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | 18.563 |
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 1 | 37.125 |
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | 47.025 |
| 93.04.0.4 | Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 1 | 37.125 |
| 93.04.0.5 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 1 | 47.025 |
| 93.04.0.6 | Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 1 | 47.025 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðsstofur án heitra potta | 0,5 | 18.563 |
| 93.04.0.8 | Sólbaðsstofur með heitum pottum | 1 | 37.125 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 18.563 |
| 97.00.0.2 | Almenningssalerni | 0,25 | 9.281 |

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013